

Dýralæknar bæta líf og líðan



Dýralæknafélag Íslands





Dýralæknafélag Íslands
Bætum líf og líðan

Gætum heilbrigðis dýra og manna

Stöndum vörð um velferð dýra

Tryggjum öryggi matvæla

Eflum landbúnað

Aukum lífsgæði á Íslandi

Samband dýra og manna

Maðurinn er hluti af dýraríkinu og dýr hafa alltaf verið mannkyni hugleikin, eins og ævafornar dýramyndir sýna. Þegar forfeður okkar tóku að stunda hjarðmennsku og landbúnað, varð sambýli manna og dýra nánara. Maðurinn tók að halda dýr sér til viðurværis, verndar, klæðagerðar og félagsskapar. Samband okkar mannanna við dýr er margþætt og flókið. Þannig erum við í senn vinir dýra og neytendur dýra. Við þróum tilfinningasamband við dýr en kjöt, mjólk og fiskur er okkur mikilvæg fæða.



Líkamlega og tilfinningalega erum við mjög lík nánustu ættingjum okkar meðal dýranna. Hins vegar erum við afar frábrugðin þeim varðandi hæfileikann til flókinna tjáskipta, uppbyggingar samfélaga, tækniframfara og þróunar menningar og siðferðisvitundar. Þessi sérstaða leggur okkur skyldur á herðar því að allri meðferð dýra fylgir siðferðileg ábyrgð.



Milli manns og hests og hunds hangir leyniþráður



Hvers vegna
eru dýralæknar svona mikilvægir?

Leyniþráður...

Hestar, hundar og kettir eru meðal þeirra dýra sem við bindumst hvað tryggustum böndum. Slík vináttu-sambönd geta eflst og dafnað og veitt manni og dýri djúpstæða gleði og öryggiskennd. Dýrahald snýst þá um gagnkvæma vináttu, ánægjuna yfir því að lesa tilfinningar og gera öðrum gott.

Jafnframt hafa rannsóknir sýnt fram á afar jákvæð sálræn áhrif gæludýra á fólk, ekki síst á eldra fólk og sjúklinga. Meira að segja eru hundar og jafnvel kettir nú þjálfaðir sem heimsóknarvinir til að vitja sjúklinga á sjúkrastofnunum í von um bættu líðan þeirra og skjótari bata.



Helga Gunnarsdóttir

hestadýralæknir

„Lífið í sínu fjölbreyttasta formi hvatti mig til að læra dýralækningar. Námið sjálft, krefjandi og í sífelldri þróun, leiddi til starfsferils sem er engum líkur. Að loknu hefðbundnu dýralæknanámi og starfi í sjö ár tók sérfræðinám við. Þar var hringurinn þrengdur um eina dýrategund, hesta.

Ástríða og virðing fyrir dýrunum, sem ég meðhöndla, er skilyrði fyrir því að geta veitt faglega og fyrsta flokks þjónustu. Jafnframt eru góð samskipti og gott samstarf við eigendur dýranna mikilvægur þáttur í farsælli meðferð.“



Hörður Sigurðsson

dýralæknir og markaðsstjóri dýrallyfja

„Sem dýralæknir og markaðsstjóri dýrallyfja hjá lyfjafyrirtæki ber ég ábyrgð á öllum dýrallyfjum sem og öðrum vörum sem varða velferð dýra. Til að tryggja aðgengi að nauðsynlegum lyfjum verður að sinna markaðsgreiningu og stefnumótunarvinnu, bæði til að meta þær breytingar sem verða á þörfum viðskiptavina og til að sjá fyrir árstíðabundnar sveiflur sem oft eru í dýralækningum.

Nauðsynlegt er að slík greining sé gerð í nánú samstarfi við dýralækna landsins og oft verða ábendingar frá þeim til þess að ný lyf eru sett á markað. Dýralæknar geta einnig óskað eftir því að sértæk lyf séu flutt til landsins þegar upp koma alvarlegir eða óvæntir sjúkdómar. Samskipti við erlenda birgja og þátttaka í fræðslufundum erlendis, svo og samskipti við Lyfjastofnun, Matvælastofnun, dýralækna og bændur, eru einnig stór þáttur í starfinu. Með starfi mínu legg ég mitt lóð á vogarskálina til að íslenskir dýralæknar geti tryggt heilbrigði dýra og heilnæmi dýraafurða.“

Hvað veist þú um störf dýralækna?

Þú telur þig sjálfsagt vita hvað dýralæknar gera. Sinna hundum, köttum og öðrum heimilisdýrum þegar þau eru veik. Hafa eftirlit með heilbrigði búfjár. Hjálpa villtum dýrum.

Allt þetta er rétt. En vissir þú að dýralæknar gera ótal margt fleira? Þeir gegna líka mikilvægu hlutverki við neytendavernd og heilsugæslu almennings, svo að ekki sé minnst á þátt þeirra í verndun umhverfis og eflingu þjóðarhags.

Dýralæknar sjá til þess að matvæli séu örugg til neyslu og koma í veg fyrir að sjúkdómar í dýrum smitist yfir í menn – og ógni þannig heilsu almennings. Slík áföll gætu jafnframt kostað landbúnað og samfélagið gríðarlega fjármuni.



01 Dýralæknar...

vinna að velferð dýra

Dýr eru skyni gæddar verur sem búa yfir tilfinningum og sjálfsvitund með svipuðum hætti og mannskeþnan. Velferð þeirra og vellíðan er eitt brýnasta viðfangsefni dýralækna. Þannig er það í verkahring dýralækna að stuðla að því að dýr séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsl og sjúkdóma. Ennfremur er mikilvægt að sjá til þess að dýrin geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt. Loks eru dýralæknar málsvarar málleysingjanna, hvort sem í hlut eiga villt dýr, gæludýr eða búfé.

Dýrin skynja ótta, sársauka og vanlíðan. Þau skynja líka vellíðan, umhyggju og nærgætni. Þau búa yfir sjálfsvitund og bera skyn á stöðu sína innan hópins. Dýralæknar leitast við að glæða skilning almennings á tilfinningum, eðli og réttindum dýra, auk þess að beina sjónum að gagnsemi þeirra fyrir okkur mennina í stærra samhengi.



„Mitt hlutverk er m.a. að vinna að því að dýrum séu tryggð lágmarksréttindi“

Flora-Josephine Hagen Liste

héraðsdýralæknir

„Við opinberir dýralæknar höfum eftirlit með matvælafyrirtækjum og dýrahaldi varðandi dýravelferð, dýraheilbrigði og matvælaöryggi. Mitt hlutverk er meðal annars að vinna að því að dýrum séu tryggð þau lágmarksréttindi sem löggjöfin veitir þeim. Þar met ég bæði líkamlega og andlega líðan dýranna, og ef tilefni er til, set ég fram kröfur um bættan aðbúnað eða meðferð, alltaf innan ramma löggjafarinnar. Ég er dýralæknirinn sem hjálpar dýrunum, óháð vilja eða fjárráðum eigandans.“

Í dýralæknanáminu vorum við reglulega minnt á að dýralæknirinn væri málsvari dýranna, og oftar en ekki eini málsvarinn. Ég gleymi því ekki og það eru forréttindi að fá tækifæri til að beita sér fyrir bættum aðbúnaði húsdýra, einnig þeirra sem eru minna sýnileg í samfélaginu, svo sem svína, loðdýra og hænsna. Við eftirlit í matvælafyrirtækjum, sem getur verið allt frá litlu mjólkurbúi til stórrar kjötvinnslu, er öryggi matvörunnar alltaf haft í fyrirrúmi.“



Dagmar Ýr Ólafsdóttir

gæludýralæknir

„Sem dýralæknir gæludýra er það mitt hjartans mál að heimilisdýrum og eigendum þeirra líði sem best í minni umsjón. Að hugað sé að þörfum hvers gæludýrs fyrir sig og að virðing sé borin fyrir ákvörðunum eiganda. Og ekki síst að veitt þjónusta sé sú besta sem völ er á.

Við dýralæknar gæludýra megum aldrei missa sjónar á heildarmynd góðrar þjónustu. Hún felur ekki aðeins í sér rétta greiningu og læknismeðferð, heldur líka vandaða ráðgjöf til eigenda þannig að þeir geti veitt dýrinu sínu viðeigandi umhirðu og sem besta umönnun.“

02 Dýralæknar...

annast eftirlit með gæludýrunum þínum, búfé og þjónustudýrum

Getur þú ímyndað þér líf húsdýra án dýralæknis? Enga læknismeðferð þegar þau eru veik? Enga bólu-setningu til að koma í veg fyrir sjúkdóma? Styttra og verra líf?

Öll dýr eiga skilið að vera heilbrigð og líða vel. Dýralæknar gera sitt besta til að svo megi vera. Þeir hjálpa bændum að sinna búfénaði sínum. Og þeir hafa eftirlit með dýrum í sláturhúsum og dýragörðum, þannig að sem best fari um þau.

Dýralæknar sinna ekki eingöngu heilsugæslu búfjár og heimilisdýra. Þeir huga einnig að heilsu þjónustudýra sem gegna mikilvægu og vaxandi hlutverki í samfélaginu. Þar má nefna leitar- og lögregluhunda, þjónustuhunda fyrir blinda og fólk með skerta hreyfifærni og aðrar sérþarfir. Þá eru ónefnd þau heimilisdýr sem eru hluti af sál-gæslu vistfólks á dvalarheimilum aldraðra, fólks á sambýlum og ýmsum stofnunum.

Mikilvægi heimilisdýra fyrir samfélagið er fyrir löngu sannað og þau hafa jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu umsjónarmanna sinna.


Það er svo í verkahring dýralæknanna að sjá til þess að gæludýr og þjónustudýr séu heilbrigð, þannig að þeim líði sjálfum vel og þau hafi eitthvað til að gefa mannfólkinu.

03 Dýralæknar...

sjá til þess að þú getir neytt safaríkrar steikur - án áhættu

Kannt þú vel að meta safaríka steik, lystugan hamburgara eða kræsilegan kjúkling? Staldráðu þá að eins við og hugsaðu ekki bara til bændanna sem ala dýrin, heldur líka til dýralæknanna sem koma að málum. Þeir hafa eftirlit með því að kjötið, mjólkurafurðirnar, fiskmetið og eggjin, sem þú neytir, komi frá heilbrigðum dýrum.

Fólk getur fengið hættulega sjúkdóma s.s. Creutzfeldt-Jakob*, salmonellu og E. coli bakteríusýkingu af því að komast í snertingu við eða neyta kjöts / mjólkurafurða af skepnum sem eru smitaðar.



Grétar Hrafn Harðarson

nautgripadýralæknir

„Nautgripir framleiða kjöt og mjólk sem er mikilvæg fæða manna. Mitt starf felst í því að aðstoða bændur í þessu flókna framleiðsluferli og leggja þeim lið við gæðastýringu.“

Dýralæknar fást ekki bara við lækningar á einstökum dýrum heldur er ráðgjöf vaxandi þáttur í starfi nautgripadýralækna. Með ráðgjöf stuðlum við að betri umönnun, aðbúnaði og fóðrun og þar með hraustari gripum. Þetta skilar sér svo til neytenda í öruggum og hollum afurðum sem framleiddar eru við góðar aðstæður og eru af dýrum sem líður vel.“





Auður Lilja Arnþórsdóttir

sóttvarnadýralæknir

„Í starfi mínu sem sóttvarnadýralæknir hef ég umsjón með viðbrögðum, vörnum og eftirliti með smitsjúkdómum í dýrum. Margir skæðir smitsjúkdómar geta valdið dýrum verulegum þjáningum, auk þess að draga úr getu þeirra til að framleiða afurðir og standa sig í vinnu, keppni o.s.frv. Sumir smitsjúkdómar í dýrum geta einnig valdið sjúkdómum í mönnum.

Bæði innanlands og á alþjóðavísu er mikil áhersla lögð á að koma í veg fyrir að smitsjúkdómar breiðist út. Ýmsar hömlur eru settar á flutning dýra og afurða í þessu skyni, sem og aðrar kostnaðarsamar smitvarnaráðstafanir. Það er því mikils um vert að standa vörð um heilbrigði dýra og vinna að upprætingu alvarlegra sjúkdóma. Það gerum við dýralæknar í samvinnu við aðra vísindamenn og dýraeigendur og stuðlum þannig að velferð bæði dýra og manna.“

Talið er að stór hluti nýuppgötvaðra sjúkdóma og meira en helmingur smitsjúkdóma í mönnum stafi af einhvers konar tengingu við dýr. Heilsa manna og dýra er svo nátengd að gjarnan er talað um hana í einu lagi.

Dýralæknar, sem sérhæfa sig í fæðuöryggi, veita bændum faglega aðstoð og sinna eftirlitsstörfum í sláturhúsum. Þeir rannsaka búfénað og sláturfénað til að koma í veg fyrir að kjöt af sýktum gripum berist inn í fæðukeðjuna og alla leið á diskana okkar. Þessir dýralæknar leita einnig að vísbendingum um að dýr hafi látið ofan í sig efni, t.d. eiturefni eða þungmálma sem geta skert gæði kjötsins eða haft áhrif á heilsu manna og dýra. Á sama hátt hafa starfsfélagar þeirra, sem sérhæfa sig í sjávarfangi, eftirlit með gæðum og heilnæmi sjávarafurða.

Dýralæknar eru líka á varðbergi gagnvart svindli með matvæli, þ.e. að matvælafyrirtæki freistist til þess að segja ósatt um gæði eða innihald vörunnar.

** BSE = bovine spongiform encephalopathy, öðru nafni kúariða er talið geta valdið Creutzfeldt-Jakob sjúkdómi í mönnum. Smitið er talið berast í fólk við neyslu matvæla sem unnin eru úr nautgripum með kúariðu. Kúariða hefur aldrei fundist á Íslandi.*




04 Dýralæknar...

vinna að því að allir hafi nóg að borða

Mannkyninu fjölgar á hverjum degi – og það er vandasamt verkefni að fæða allan þennan fjölda. Hvernig verður ástandið 2020 eða 2050? Reynist unnt að sjá fólki fyrir nægu magni af kjöti, fiski, eggjum og mjólkurvörum? Hér reynir á sérþekkingu, forystu og frumkvæði dýralækna. Aðkoma þeirra skiptir sköpum varðandi nægan fjölda dýra til manneldis. Þar beita þeir m.a. tækni á borð við sæðingar og flutning fósturvísa. Þessi tækni getur líka hjálpað til við að bjarga sjaldgæfum dýrategundum og tegundum í útrýmingarhættu.

Pó að Íslendingum fjölgi ekki eins ört og fólki í sumum löndum, þarf líka að huga að þessum málum hér á landi. Þar eru dýralæknar í fararbroddi og ábyrgð þeirra er mikil.



Fidel Canosa Rodriguez

eftirlitsdýralæknir

„Við eftirlitsdýralæknar í sláturhúsum sinnum afar mikilvægum verkefnum. Daglegu starfssviði okkar er vel lýst með kjörorðinu „Frá búi inn á borð“. Það felur í sér tvenns konar áherslur: heilbrigði og góða umhirðu dýra og hins vegar gæði og öryggi matvæla. Umhyggja fyrir líðan sláturdýra grundvallast á því viðhorfi að dýr eru skyni gæddar verur sem ber að fara vel með og hlífa við sársauka. Annar veigamikill þáttur viðfangsefna okkar snýr að heilbrigðisástandi dýranna þegar þau koma til slátrunar.

Næsta stig í daglegu vinnuferli mínu lýtur að fæðuöryggi og gæðum. Sú áskorun reynir á fagþekkingu, árvekni og vönduð vinnubrögð. Mér er líkt farið og öðru fólki að ég vil geta treyst því að matvælin, sem fjölskylda mín neytir, séu framleidd undir nákvæmu eftirliti. Ég vil vera viss um fólk með næga kunnáttu hafi gengið úr skugga um að heilsu manna stafi ekki hættu af neyslu þeirra. Þá sjálfsögðu kröfu hef ég ávallt í huga við mín störf.“



Sigríður Gísladóttir

fiskeldisdýralæknir

„Dýralæknir hefur að mörgu að huga í fiskeldi, hvort sem er í sjókvíum eða landeldi. Fiskeldi í sjókvíum við Íslandsstrendur er í örum vexti um þessar mundir og í því felast nýjar áskoranir tengdar veðurfari, tækjabúnaði, kynbótum og sjúkdómum, ásamt umhverfisþáttum á borð við þörungablóma.

Mikilvægt er að vera vel vakandi fyrir öllu því sem getur sett heilbrigði og lífsskilyrði fisksins í hættu, því umhverfi og lífeðlisfræði hans er svo ólík því sem við þekkjum hjá landdýrum. Öflug vöktun sjúkdóma í góðu samstarfi við sérfræðinga á rannsóknarstofum og fyrirbyggjandi aðgerðir í samstarfi við eigendur, eru lykillinn að því að tryggja heilbrigði fisksins, gæði vörunnar og ábyrgja framleiðslu í sátt við umhverfið.“

05 Dýralæknar...

eru máttarstólpar í landbúnaði

Vissir þú að á fimmta þúsund manns starfa að landbúnaði hér á landi, á bújörðum, í kjötafurðastöðvum, við mjólkurvinnslu o.s.frv? Þetta fólk og fjölskyldur þess eiga lífsafkomu sína undir heilbrigðum landbúnaði. Án fulltingis dýralækna, sem halda dýrasjúkdómum í skefjum, myndi íslenskur landbúnaður í núverandi mynd hrynja. Kjöt, egg og mjólkurvörur væru ekki öruggar til mannelis og því ósöluhæfar.

Sjúkdómafaraldrar á borð við fuglaflensu og berkla í nautgripum gætu lagt landbúnað á stórum landsvæðum í rúst. Þannig væru neytendur sviptir hollum matvælum og bændur o.fl. lífsviðurværi sínu. Dýralæknar gegna því mikilvæga hlutverki að varna því að slík vá dynji yfir.





Sigurborg Daðadóttir

yfirdýralæknir

„Í heilbrigðisvísindum 21. aldar er kappkostað að varpa ljósi á samspil lýðheilsu manna, hjarðheilsu dýra og umhverfis. Rannsóknir á samvirkni þessara þátta leggja grunn að nýrri tegund þekkingar og framförum á sviði læknavísinda. Dýralæknar eru einu læknarnir sem eru menntaðir sérstaklega til að gæta bæði heilsu dýra og manna. Þess vegna gegna þeir lykilhlutverki í víðtæku samstarfi vísindamanna á þessu sviði.

Íslenskir dýralæknar hafa metnað og menntun til að takast á við nýjar áskoranir, samhliða hefðbundnari störfum. Þessar áskoranir lúta m.a. að stefnumótandi ákvörðunum í heilbrigðismálum vegna breytinga á samfélagsgerð og lífsháttum; aukinni þekkingu á lyfjapoli örvera, auknum kröfum um öryggi afurða, forvörnum og upplýsingagjöf til almennings. Þannig er það m.a. í verkahring okkar að fræða almenning og ekki síst dýraeigendur svo að heilsa og velferð dýra á Íslandi sé tryggð eins og kostur er.“



Hákon Hansson

dýralæknir

„Sem dýralæknir í strjálbýlu héraði veit ég að eigendur dýra, sem þurfa hjálp, geta ekki auðveldlega leitað annað. Því er svo mikilvægt að vera alltaf til staðar, sýna öllum dýrum nærgætni, mæta eigendum dýra sem jafningjum og sýna þeim fyllstu kurteisi og hlýju. Ég vil leggja mig allan fram þegar liðsinna þarf veikum eða slösuðum dýrum.

Nærrí 40 ára reynsla hefur kennt mér að sem betur fer tekst langoftast að hjálpa. En stundum er það á hinn veginn og mér verða jafnvel á mistök. Enginn er fullkominn. Mér má aldrei verða sama hvort starf mitt skilar árangri eða ekki. Annars er kominn tími til að fara í aðra vinnu. Starfið hefur veitt mér lífsfyllingu og mikla gleði þegar vel tekst til. En svo upplifir maður líka daprar stundir og sorg, ef ekki er hægt að hjálpa veikum eða slösuðu dýri.“

06 Dýralæknar... skapa verðmæti og efla þjóðarhag

Dýralæknar skapa víða verðmæti í íslensku samfélagi. Með því að standa vörð um velferð dýra er þjónusta þeirra ein af forsendum siðmenntaðs samfélags. Með því að draga úr tjóni af völdum sjúkdóma í dýrum og mönnum sparar þjónusta þeirra fjármuni. Með því að hlúa að heilsu heimilisdýra og ráða eigendum þeirra heilt, stuðlar þjónusta þeirra að lífsgæðum. Með því að tryggja heilnæmi og öryggi matvæla bætir þjónusta þeirra heilsufar; eykur verðmæti afurða og eflir ímynd lands og þjóðar.

Þjónusta dýralækna er mikilvægur hlekkur í virðis-keðju íslensks landbúnaðar, bæði varðandi sölu afurða á íslenskan markað og markaði erlendis. Þar gegnir eftirlit dýralækna ásamt heilbrigðis- og gæðavottunum lykilhlutverki, og stuðlar að greiðum viðskiptum sem eru allra hagur. Sama máli gegnir um hlutverk dýralækna varðandi eftirlit með innflutningi matvæla til landsins.

07 Dýralæknar... stuðla að verndun umhverfis

Alkunna er að umhverfisspjöll og loftslagsbreytingar eru alvarlegt vandamál. Landbúnaður og dýrahald eiga þar sinn þátt, eins og flestar aðrar atvinnugreinar og athæfi okkar manna. Án ráðgjafar og aðstoðar dýralækna væri vandinn enn meiri. Dýralæknar hjálpa bændum og öðrum dýraeigendum að umgangast umhverfið á eins ábyrgan hátt og unnt er.

Dýralæknar hjálpa bændum og öðrum dýraeigendum
að umgangast umhverfið á ábyrgan hátt





Einar Jörundsson,
dýralæknir og meinafræðingur

„Meinafræðin, sem ég fæst við, er sérgrein innan dýralæknisfræðinnar. Hún snýst um rannsóknir á orsökum, meingerð og afleiðingum sjúkdóma í dýrum. Með krufningu og vefja- eða frumurannsókn er sjúkdómsgreiningin staðfest. Sérannsóknir veita síðan viðbótarupplýsingar um batahorfur sjúklinganna og meðferð.“

Viðfangsefni okkar meinafræðinganna er sjúkdómar í flestum dýrategundum og áhrif dýrasjúkdóma og dýraafurða á heilbrigði dýra og manna. Auk sjúkdómsgreininga og ráðgjafar sinnum við vísindarannsóknnum í því skyni að meðhöndla og fyrirbyggja þessa sjúkdóma.“

Til dæmis leiðbeina dýralæknar bændum um rétta og ábyrga notkun lyfja og vandmeðfarinna efna, ásamt því að benda á hvernig draga má úr áhrifum úrgangs frá búum á umhverfið.

08 Dýralæknar...

stöðva faraldra og takast á við þá

Annað slagið brjótast út alvarlegir sjúkdómar í dýrum sem flokka má undir faraldra. Afleiðingarnar geta verið mjög alvarlegar: Sjúkdómar á borð við gin- og klaufaveiki, fuglaflensu, kúariðu og svínapest geta drepit þúsundir dýra, ógnað heilsu og lífi fólks, lamað landbúnað og valdið gríðarlegu fjárhagslegu tjóni.

Slík mál eru alþjóðlegt vandamál og alþjóðlegt úrlausnarefni. Íslenskir dýralæknar starfa náið með erlendum starfsbræðrum og -systurum sínum að þessum málum. Í Evrópulöndum hafa sérstakir dýralæknar eftirlit með bóndabýlum, sláturhúsum, mjólkurvinnslustöðvum og landamærastöðvum til þess að koma í veg fyrir faraldra af þessu tagi. Ef faraldrar bresta á, taka dýralæknar höndum saman um að draga úr smithættu, lágmarka tjón og aðstoða bændur og aðra hlutaðeigandi. Þar gegna vandaðar viðbragðsáætlanir veigamiklu hlutverki.



09 Dýralæknar...

stuðla að framförum í starfsgreininni

Dýralæknar starfa ekki aðeins í framlínunni við að lækna dýr og aðstoða bændur við að framleiða holl og góð matvæli. Margir dýralæknar vinna líka í eftirlitsstofnunum, matvælafyrirtækjum og á rannsóknarstofum. Þar stýra þeir rannsóknum sem leiða til nýrra úrræða og aðferða sem tryggja gæði og heilnæmi matvæla.

Margir fleiri starfa í háskólum og öðrum menntastofnunum þar sem þeir sinna vísindastörfum og uppfræða nemendur um mikilvæg mál sem tengjast dýrahaldi og hollustu matvæla.



**Stundum þurfa
dýralæknar að hjálpa
villtum dýrum**

Dýralæknafélag Íslands



Guðbjörg Þorvarðardóttir

formaður DÍ

„Dýralæknar eru vel menntaðir fagmenn sem brautskrást frá erlendum háskólum að 6 ára námi loknu. Við gegnum mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi, erum víða að störfum og starfsvettvangur okkar er fjölbreyttur. Störf okkar snúast ekki einungis um heilbrigði og velferð dýra, heldur líka um heilbrigði manna, velferð og neytendavernd. Heilsa manna og dýra er nefnilega svo nátengd að gjarnan er talað um hana í einu lagi.“

Dýralæknafélagið hefur eftirfarandi gildi m.a. að leiðarljósi:

Dýralæknafélag Íslands stendur vörð um faglegt hlutverk dýralækna, svo að við getum sem best stuðlað að heilbrigði og velferð dýra, matvælaöryggi og lýðheilsu og aukið þannig lífsgæði í íslensku samfélagi. Við mætum nýjum áskorunum í vaxandi fjölbjóðlegu samstarfi. Þessar áskoranir varða tengsl hjarðheilsu dýra, lýðheilsu manna og ástands umhverfis, vaxandi áherslu á forvarnir, fræðslu og eftirlit og markvissa samvinnu við aðrar stéttir vísindamanna.

FAGMENNSKA

Félagið er vettvangur faglegrar umræðu um vísindi og starfsemi dýralækna og beitir sér fyrir eflingu fagþekkingar innan stéttarinnar.

Markmiðið er að yfirgripsmikil kunnátta og reynsla dýralækna nýtist á sem bestan hátt við lækningar, stjórnsýslu, ráðgjöf, eftirlit, rannsóknir og afleidd störf.

VIRÐING

Dýr eru skyni gæddar verur. Við virðum eðlislæga eiginleika, sérkenni og þarfir dýra og erum málsvarar þeirra, hvort sem í hlut eiga villt dýr, gæludýr eða búfénaður.

Við virðum reynslu og þekkingu annarra, og tökum ábendingum og rökum opnum huga. Á sama hátt ætlumst við til þess að virðing sé borin fyrir vísindalegum sjónarmiðum og faglegum rökum okkar.



Dýralæknar eru víða að störfum

Dýralæknir

Yfirdýralæknir

Dýraþjálfari

Sérgreinadýralæknir

Dýraatferlisfræðingur

Dýralæknir og meinafræðingur

Heilbrigðisfulltrúi

Gæðastjóri

Ráðherra

Forstöðumaður

Framhaldsskólakennari

Framkvæmdastjóri

Eftirlitsdýralæknir

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits

Tilraunastjóri

Markaðsstjóri

Ráðgjafi

Verkefnastjóri

Verzlunarstjóri

Héraðsdýralæknir

Sóttvarnadýralæknir

Sérfræðingur hjá alþjóðastofnun

Skrifstofustjóri

Alþingismaður

Háskólakennari



Dýralæknafélag Íslands

Bætum líf og líðan

www.dyr.is

<https://www.facebook.com/dyralaeknar>

